# trappa

Tinna Sigurðardóttir
Talmeinafræðingur



Vorráðstefna Greiningar- og ráðgjafastöðva ríkissins, maí 2016

# Sýn Tröppu

Trappa vill tryggja að allir hafi jafnan aðgang, óháð búsetu, að sérþekkingu með því að tengja saman þarfir einstaklinga og þekkingu sérfræðinga

# Hvert er vandamálið?

- Aðgengi að sérfræðingum getur verið erfitt og óreglulegt
- Þekking og þjálfun fagfólks nýtist of lítið í beina þjálfun barna
- Skóli án aðgreiningar (inclusion) krefst fjölmenns starfsliðs skóla auk sérkennara sem þyrftu/þurfa að þekkja til allra sérþarfa.
- Greiningar eru gerðar reglulega en markviss og fagleg þjálfun af skornum skammti eða sinnt af starfsfólki sem sinnir líka forföllum.
- Notkun upplýsingatækni ekki nýtt nægilega til að einfalda ferli eða samskipti í skólaumhverfinu
- Óskýrt utanumhald um kostnað og árangur hjá sveitarfélögum og ríki þrátt fyrir síhækkandi sérkennslukostnað.
- Fagfólk á stofu þarf að hafa mikið fyrir rekstri og skipulagi

# Hvernig virkar þetta?

- Sérfræðingar í Aðalstræti í Reykjavík sinna börnum sem þurfa á þjónustu að halda í gegnum fjarbúnað
- Fjarbúnaður krefst mjög lítils á „hinum endanum“ í skóla eða á stofnun; tölva (Mac/PC), myndavél og helst heyrnartól með míkrófón auk nettengingar
- Stofnun/sveitarfélög/skólar/foreldrar bóka börnin í fasta tíma
- Með yngri börnum er stuðningsaðili eða foreldrar
- Heimsókn einu til tvisvar á ári

# Verkferlar

- Einstaklingur skráður í (tal)þjálfun í gegnum eyðublað á netinu.

- Bakgrunnsupplýsinga aflað í kjölfarið - ýmist með útfyllingu eyðublaðs og/eða símtali - ásamt upplýsingum um eldri/fyrri athuganir

- Beiðni útveguð ef þarf.

- Uppsetning búnaðar - prófun - kennsla

- Tími þjálfunar skipulagður í samráði við kennara

# Reynslutími

- Gengur mjög vel og reynslan jákvæð
- Yfirfærsla þekkingar
- Hentar flestum - en ekki endilega öllum frekar en annað
- Hlutverk stuðningsaðila þarf að vera skýrt - lært og kennt
- Þarf að gera ráð fyrir óvæntum uppákomum
- Nýta tæknina

# Hverju breytum við?

- Tryggjum aðgengi óháð staðsetningu
- Tengjum saman þarfir og þjónustu
- Bjóðum sérfræðiþekkingu sem hentar ólíkum þörfum skjólstæðinga
- Reglubundin þjálfun auðveld, færri greiningar
- Nýtum tækni sem er þegar til staðar í skólum og stofnunum
- Nýtum upplýsingatækni til að skrá og greina kostnað og tíðni
- Einföldum starfsumhverfi sérfræðinga

# Innslag Landinn



# Þjónusta Tröppu

1. Talþjálfun fyrir börn og fullorðna í fjarþjálfun auk greininga.
2. Önnur þjónusta í fjarþjálfun (sálfræðiþjónusta, kvíðameðferð, atferlismeðferð, íslenska fyrir börn af erlendu bergi brotin, handleiðsla, námsráðgjöf). Greiningar.
3. Námskeið fyrir börn og kennara
4. Ráðgjöf til skóla og sveitastjórna og handleiðsla starfsfólks (skimanir, stefnur, greiningar, úttektir)

# Samstarfsaðilar

- Heyrnar- og talmeinastöð
- Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins
- Sveitarfélög
- Einkareknir skólar
- Foreldrar

# Tækifæri & samstarf

- Aukið aðgengi að allri sérfræðiþjónustu í gegnum forrit og búnað
- Bætt eftirfylgd og aðhald fyrir landsbyggð
- Aukið þverfaglegt samstarf og samskipti í tengslum við mál
- Fjölbreyttari flóra sérfræðinga sem nýtist betur - t.d. sálfræðingar og atferlisfræðingar
- Stofnanaaðgangur í stað ferðalaga?
- Rannsóknir og tilraunir með þjálfun

# Tvö dæmi

Drengur í leikskóla, fæddur 2011, búsettur á sunnanverðum Vestfjörðum. Villur á málhljóðaprófi:

- september 2015: 23
- febrúar 2016 (fyrirlögn í gegnum tölvu): 10.

Stúlka búsett á Vestfjörðum, fædd 2008, niðurstöður TOLD okt. 2014 og sept. 2015.

| | | |
|---|---|---|
| Tal | 64 | 79 |
| -orðskilningur (OS)<br>-endurtekning setninga (ES)<br>-botnun setninga (BS)<br>-framburður (FB) | 9<br>1<br>4<br>7 | 11<br>1<br>5<br>12 |
| Málþáttur | | |
| Merkingafr.þáttur | 83 | 90 |
| -myndir-orðþekking<br>-orðskilningur | 6<br>9 | 6<br>11 |
| Setningafr.þáttur | 60 | 60 |
| -túlkun setninga<br>-endurtekning setninga<br>-botnun setninga | 7<br>1<br>4 | 6<br>1<br>5 |
| Hljóðkerfisfr.þáttur | 73 | 94 |
| -hljóðgreining<br>-framburður (FB) | 5<br>7 | 6<br>12 |
| Heildarmálþroska-tala | 61 | 72 |






TELL-A-STORY

trappa


June 2015
63
NORTH


Viðurkenning
frá Tröppu
Viðurkenning
frá Tröppu
Viðurkenning
frá Tröppu

# Rannsóknir

Gerð var samanburðarrannsókn hjá hópum barna með talfrávik. Annar hópurinn fékk hefðbundna þjálfun, hlið við hlið, en hinn hópurinn fjarþjálfun í gegnum netkerfi. Þjálfun fór fram tvisvar í viku í 30 mínútur í senn. Framfarir urðu hjá börnum í báðum hópum eftir fimm vikna þjálfun og enginn marktækur munur var á hópunum. *Sue Grogan-Johnson og fl. Communication Disorders Quarterly 34(4) 210–220, 2013*

Fjarþjónusta í talþjálfun fullorðinna hefur gefist vel. Kerfisbundið yfirlit yfir 10 rannsóknir á fjarþjónustu talmeinafræðinga við einstaklinga með málstol sýndi að fjarþjónusta við greiningu, meðferð og ráðgjöf við einstaklinga með málstol er vel framkvæmanleg, árangursrík og stendur jafnhliða þjónustu augliti til auglitis. Helstu kostir voru m.a. minni kostnaður við meðferð og minni ferðakostnaður, betri nýting á meðferðartíma, skjólstæðingar voru athugulli og áhugasamari um efni sem birtist á tölvuskjá ásamt því að með fjarþjónustu fá skjólstæðingar þjónustu sem annars hefðu misst af henni. Helstu áskoranir voru lélegar internettengingar, vandi með hljóð- og myndgæði og áhyggjur skjólstæðinga varðandi friðhelgi persónuupplýsinga þeirra. *Hall, Boisvert og Steele. International Journal of Telerehabilitation 5(1): 27-38, 2013.*

Tvö 11 ára börn sem stama fengu þjálfun með ólíkum aðferðum. Markmiðið var að skoða hvort hægt væri að ná sömu markmiðum í þjálfun á hefðbundinn hátt, í fjarþjálfun og með blandaðri leið. Bæði börnin sýndu árangur og mat staðfesti framfarir. *Daniel T. Valentine, International Journal of Telerehabilitation,6(2), 51-65, 2014*

trappa

Aðalstræti 12
101 Reykjavík
Ísland

+354 692 2629
thorbjorg@trappa.is

# Næstu skref

Geðlæknar
Sálfræðingar
Atferlisfræðingar
Félagsráðgjafar
Iðjuþjálfar
Markþjálfar
Næring og þjálfun
Ýmis ráðgjöf

- Skráning skjólstæðinga
- Dagnótur
- Efnisveita
- Myndbúnaður

- Bókunarkerfi
- Dagatal
- Reikningshald

# Þjálfarar Tröppu

- Tinna Sigurðardóttir, talmeinafræðingur
- Bryndís Guðmundsdóttir, talmeinafræðingur
- Sólveig Arnardóttir, talmeinafræðingur
- Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, námssálfræðingur
- Sara Dögg Svanhildardóttir, kennari & ráðgjafi
- Hilmar Rafn Emilsson, sérkennari
- K. Katrín Þorgrímsdóttir, námsráðgjafi
- Joanna Joanna Dominiczak, íslenskukennari
- Garðar Andri Sigurðsson, stærðfræðinemi
- Thelma Lind Tryggvadóttir, atferlisfræðingur
- Tinna Björk Baldvinsdóttir, sálfræðingur